



Varðandi: Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning 2018
Málsnúmer: 1802030
Dagsetning: 08.03.2018

SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 77. fundi velferðar- og mannréttindaráð þann 7. mars 2018 voru samþykktar breytingar á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning Akraneskaupstaðar. Velferðar- og mannréttindaráð vísar þeim til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Breytingar á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning á Akranesi voru samþykktar í bæjarstjórn 23. janúar 2018. Breytingarnar voru í samræmi við leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög. Samkvæmt reglum um sérstakan húsnæðisstuðning Akraneskaupstaðar er skilyrði fyrir því að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning verði samþykkt er að viðkomandi umsækjandi eigi rétt til húsnæðisbóta á grundvelli laga nr. 75/2016. Tilgrein eru hver áhrif tekna eru á grunnfjárhæð húsnæðisbóta. Í 5. grein reglnanna um sérstakan húsnæðisstuðning Akraneskaupstaðar eru einnig sömu tekjuviðmið. Samþykkti velferðar- og mannréttindaráð að fella 5. grein reglna um sérstakan húsnæðisstuðning Akraneskaupstaðar út og uppfæra greinanúmer í samræmi við það. Viðmiðið í 5. grein er þegar í reglugerð um húsnæðisbætur, nr. 1200/2016 og haf þau viðmið verið uppfærð árlega.

Samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs er hér með vísað til afgreiðslu í bæjarstjórnar.

Svala Hreinsdóttir

sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs